



Þjóðaratkvæði
laugardaginn 9. apríl 2011

*Icesave-samningunum
er ætlað að standa
straum af kostnaði við
greiðslur til
innstæðueigenda
í útibúum Landsbanka
Íslands hf. í Bretlandi
og Hollandi.*

Ágæti lesandi

Þessum bæklingi er ætlað að útskýra nokkur meginatriði sem varða þjóðar-atkvæðagreiðsluna um Icesave-samningana 9. apríl 2011, ástæður hennar og hugsanlegar afleiðingar. Bæklingurinn er unninn af sjálfstæðum og hlutlausum aðila, Lagastofnun Háskóla Íslands, samkvæmt ályktun Alþingis.

Greidd verða atkvæði um gildi laga nr. 13/2011 sem Alþingi samþykkti 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði staðfestingar þann 20. sama mánaðar. Lögin veita fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimild til að staðfesta samninga sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, svonefnda Icesave-samninga. Samningarnir fjalla um ábyrgð íslenska ríkisins á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (hér eftir nefndur Tryggingarsjóðurinn) til breska og hollenska ríkisins. Endurgreiðslan er vegna kostnaðar ríkjanna tveggja af greiðslu innstæðutryggingar til viðskiptavina í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi. Ábyrgð íslenska ríkisins er vegna greiðslu eftirstöðva endurgreiðslufjárhæðarinnar, verði um eftirstöðvar að ræða, og vaxta af þeim skuldbindingum.

Markmið atkvæðagreiðslunnar er að fá fram afstöðu þjóðarinnar til umræddra laga eins og stjórnarskráin mælir fyrir um. Á kjörseðli er spurt hvort lögin eigi að halda gildi eða falla úr gildi. Meirihluti gildra atkvæða af landinu öllu ræður úrslitum og vægi atkvæða er jafnt. Ef meirihluti svarar játandi halda lögin gildi sínu. Ef meirihluti svarar neitandi falla lögin úr gildi.

Nánari upplýsingar, svo sem texta laga og samninga, er að finna á vefnum thjodaratkvaedi.is. Þar eru einnig tenglar á vefi sem endurspegla mismunandi skoðanir á málinu og eru jafnframt vettvangur umræðu.



Bakgrunnur

Tryggingarsjóðurinn

Tryggingarsjóðurinn hefur þann tilgang að veita viðskiptavinum banka lágmarksvernd komi til greiðsluferfiðleika banka. Íslensku bankarnir greiða í sjóðinn vegna starfsemi sinnar hér á landi og útibúa í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Geti banki ekki greitt út innstæður viðskiptavina sinna er sjóðnum skylt að bæta þeim tjónið svo sem fé hans hrekkur til, að lágmarki 20.887 evrur* fyrir hvern reikningseiganda. Þetta er nefnt innstæðutrygging.

Íslensk lög um Tryggingarsjóðinn voru sett til innleiðingar á reglum Evrópu-sambandsins um innstæðutryggingar. Reglurnar eru hluti af EES-samningnum og þeim er ætlað að tryggja lágmarksöryggi viðskiptavina banka.

*Innstæðutrygging
vegna hvers
viðskiptavinar banka
er 20.887 evrur.*

* Ríflega 3,5 milljónir króna miðað við sölugengi 22. apríl 2009. Kröfur í protabú Landsbanka Íslands hf. voru festar við gengi þann dag.



*Icesave-samningarnir
kveða á um að íslenska
ríkið ábyrgist eftirstöðvar
skuldbindingar
Tryggingarsjóðsins
og vaxtagreiðslur af
höfuðstóli kröfunnar.*

Landsbanki Íslands hf. og Icesave

Landsbanki Íslands hf. rak útibú í Bretlandi og Hollandi. Bankinn bauð viðskiptavinum sínum að leggja fé inn á reikninga sem nefndir voru Icesave. Greitt var í Tryggingarsjóðinn á Íslandi, heimaríki bankans, vegna þessara reikninga.

Við bankahrunið á Íslandi í október 2008 gat Landsbanki Íslands hf. ekki greitt eigendum Icesave-reikninga út innstæður sínar. Í kjölfarið ákváðu yfirvöld í Bretlandi að bæta almennum viðskiptavinum bankans tjón þeirra að fullu og í Hollandi var viðskiptavinum bankans bætt tjónið að ákveðnu marki umfram lágmarksinnstæðutryggingar. Stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi kröfðu síðan íslensk stjórnvöld um endurgreiðslu á lágmarksinnstæðutryggingunum. Um þær endurgreiðslur er fjallað í Icesave-samningunum.

Í megindráttum felst í samningunum að Tryggingarsjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða breskum og hollenskum stjórnvöldum kostnað vegna uppgjors á lágmarkstryggingu við innstæðueigendur Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Tryggingarsjóðurinn á einungis fjármuni sem svara til lítils hluta af innstæðuskuldbindingum vegna Icesave-reikninganna.

Landsbanki Íslands hf. er nú í slitameðferð. Unnið er að því að innheimta kröfur og selja eignir bankans. Fjármunir frá bankanum ganga með tímanum upp í skuldir hans í tiltekinni röð. Þar njóta innstæðutryggingar forgangs. Hins vegar er óvíst hve mikið fæst upp í kröfur og hvenær þeir fjármunir skila sér. Gert er ráð fyrir að nokkurn tíma taki að innheimta kröfur og selja eignir en áætlanir miða við að því verði að miklu leyti lokið 2016.

Icesave-samningarnir kveða á um að íslenska ríkið ábyrgist eftirstöðvar skuldbindingar Tryggingarsjóðsins og vaxtagreiðslur af höfuðstóli kröfunnar.

Fjárhæðir og skilmálar

Tryggingarsjóðurinn skal greiða Hollendingum allt að 1.322 milljónir evra* og Bretum allt að 2.350 milljónir sterlingspunda.** Þetta er hluti af því fé sem stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi hafa greitt út til viðskiptavina Landsbanka Íslands hf. í löndunum tveimur.

Til frádráttar þessum fjárhæðum munu koma greiðslur frá Landsbanka Íslands hf. sem lækka höfuðstól krafanna þegar þær berast. Ekki liggur fyrir hversu háar þær greiðslur verða. Kröfurnar eru vaxtalausar til 1. október 2009 en eftir það og til 30. júní 2016 ber höfuðstóll fjárhæðarinnar 3% vexti gagnvart Hollandi og 3,3% vexti gagnvart Bretlandi.

Íslenska ríkið ábyrgist greiðslur vaxta til 30. júní 2016 og þann hluta Icesave-skuldbindingarinnar sem þá kann að standa eftir. Verði um greiðslur að ræða eftir 2016 skulu vextir vera þeir lægstu sem finna má almennt í alþjóðlegum lánasamningum.

Standist áætlanir um heimtur úr búi Landsbankans mun greiðslum samkvæmt samningunum ljúka að fullu árið 2016. Gangi þær áætlanir ekki eftir kemur til áframhaldandi greiðslna sem lengst geta staðið til ársins 2046.

Raskist áætlanir verulega eru tvenns konar fyrirvarar í samningunum til að tryggja viðráðanlega greiðslubyrði. Í fyrsta lagi lengist endurgreiðslutími um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða króna sem eftirstöðvar verða umfram 45 milljarða króna árið 2016. Í öðru lagi verður árleg endurgreiðsla aldrei umfram upphæð sem nemur 5% af heildartekjum ríkisins ársins á undan eða 1,3% af vergri landsframleiðslu*** ársins á undan.

Komi til þess að á þetta ákvæði reyni verður miðað við hærri fjárhæðina.

Unnt er að óska eftir endurskoðun samninga ef úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýnir að skuldapóli Íslands hafi hrakað til muna miðað við mat sjóðsins frá 19. nóvember 2008.

Samninganefnd ríkisins áætlað að heildarútgjöld ríkissjóðs nemi 32 milljörðum króna. Ítrekað skal að þessi tala er áætluð. Endanleg fjárhæð getur því breyst og orðið hærri eða lægri. Áætlanir og fleiri útreikninga er hægt að kynna sér á thjodaratkvaedi.is og althingi.is.

* Tæplega 215 milljarðar króna miðað við sölugengi 25. mars 2011, (ein evra = 162,33 krónur).

** 433,5 milljarðar króna miðað við sölugengi 25. mars 2011, (eitt sterlingspund = 184,47 krónur).

*** Verg landsframleiðsla er verðmæti allrar þjónustu og allra vara sem framleiddar eru í landinu á árinu.



Íslenska ríkið ábyrgist greiðslur vaxta til 30. júní 2016 og þann hluta Icesave-skuldbindingarinnar sem þá kann að standa eftir.



*Deilt er um hvort
íslenska ríkinu
sé skylt að greiða
kostnað vegna
Icesave.*

Um hvað snýst deilan við Breta og Hollendinga?

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um innstæðutryggingar, sem innleiddar hafa verið hér á landi á grundvelli EES-samningsins, feli ekki í sér lagalega skyldu ríkja til að ábyrgjast innstæður viðskiptavina banka umfram eignir viðkomandi tryggingarsjóðs. Aðildarríki geti því ekki orðið ábyrg gagnvart viðskiptavinum banka hafi þau komið sér upp innstæðutryggingakerfi.

Íslensk stjórnvöld hafa einnig haldið fram sjónarmiðum um sameiginlega ábyrgð á gölluðu regluverki um innstæðutryggingar. Regluverkinu hafi ekki verið ætlað að ná yfir hrun þorra fjármálastofnana á sama tíma. Ísland hafi fullnægt skuldbindingum samkvæmt EES-rétti með því að setja á laggirnar tryggingakerfi sem undir venjulegum kringumstæðum hefði dugað.

Stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi hafa hins vegar haldið því fram að ábyrgð á innstæðutryggingum viðskiptavina banka takmarkist ekki við eignir viðkomandi tryggingarsjóðs og að aðildarríkin þurfi þá að sjá til þess að lágmarkstrygging verði greidd. Þau telja jafnframt að íslensk stjórnvöld hafi með



því að ábyrgjast að fullu innstæður viðskiptavina bankanna hér á landi mis-
munað viðskiptavinum þeirra eftir staðsetningu útibúa. Þá hafi íslensk stjórn-
völd með yfirlýsingum sínum á árinu 2008 skuldbundið sig til að
endurgreiða lágmarkstrygginguna. Loks telja þau að málarekstur um þessi
atriði sé til þess fallinn að grafa undan trausti á fjármálakerfi Evrópuríkja.

Afstaða breskra og hollenskra stjórnvalda hefur notið stuðnings ríkis-
stjórna aðildarríkja Evrópusambandsins, auk Noregs, framkvæmdastjórnar
Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Skiptar skoðanir eru um mögulega niðurstöðu dómstóla um þetta álitamál
komi það til kasta þeirra. Íslensk, bresk og hollensk stjórnvöld halda því til að
mynda öll fram að dómafordæmi Evrópudómstólsins muni styðja afstöðu
þeirra hvers fyrir sig.

Niðurstaða viðræðna um Icesave-reikningana er hins vegar sú að íslenska
ríkið ábyrgist að bresk og hollensk stjórnvöld fái endurgreiddan þann hluta
kostnaðarins sem nemur lágmarki innstæðutrygginganna með vöxtum.

*Skiptar skoðanir eru
um mögulega
niðurstöðu dómstóla
um álitafni
Icesave-málsins
komi það til
kasta þeirra.*



JÁ

Rök sem færð hafa verið fyrir því að segja JÁ

- Viðunandi niðurstaða í deilu sem mikilvægt er að ljúka sem fyrst.
- Áhættan af því að fara með málið fyrir dómstóla mikil.
- Synjun getur leitt til óhagstæðari fjárhagslegrar niðurstöðu, tafið fyrir endurreisn þjóðarbúsins, haft neikvæð áhrif á orðspor Íslands og unnið gegn efnahagslegum og pólitískum hagsmunum landsins á alþjóðavettvangi.

Ef meirihlutinn segir JÁ

- Icesave-samningarnir verða undirritaðir og taka gildi.
- Í framhaldinu þarf að greiða af Icesave-samningunum í samræmi við skilmála þeirra og að því marki sem eignir Tryggingarsjóðsins og Landsbanka Íslands hf. duga ekki til.
- Milliríkjadeilan um Icesave til lykta leidd.

Helstu óvissupættir:

- Hvaða greiðslur fást úr slitameðferð Landsbanka Íslands hf. en endanlegt framlag íslenska ríkisins ræðst af því hversu mikið fæst fyrir eignir búsins og hvenær þær greiðslur skila sér.
- Endanleg niðurstaða um hvort kröfur Tryggingarsjóðsins í bú Landsbanka Íslands hf. gangi framár öðrum innstæðukröfum, sbr. það ákvæði sem jafnan er kennt við Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmann.
- Endanleg niðurstaða dómstóla um gildi svonefndra neyðarlaga nr. 125/2008 og þar með hvort innstæðukröfur gangi framár öðrum kröfum í bú Landsbanka Íslands hf.
- Hver þróun gengis og hagvaxtar verður sem og annarra aðstæðna í þjóðarbúinu sem áhrif hafa á greiðslubyrði vegna Icesave-samninganna.
- Hvenær slitameðferð Landsbanka Íslands hf. lýkur.
- Hvort eftirstöðvar verða af skuldinni árið 2016 og þá hverjar og hver vaxtabyrðin af þeim verður.

Rök sem færð hafa verið fyrir því að segja NEI

- Kröfur Breta og Hollendinga ósanngjarnar og byggjast ekki á traustum lagalegum grunni.
- Efnahagsleg áhætta af samningunum mikil.
- Íslendingar eiga rétt á að láta á málið reyna fyrir dómstólum, fjárhagsleg áhætta af því er innan viðunandi marka og sú leið þarf hvorki að hafa neikvæð áhrif á orðspor Íslands né viðreisn efnahagslífsins.



Ef meirihlutinn segir NEI

- Icesave-samningarnir taka ekki gildi.
- Uppgjör innstæðutrygginga vegna Icesave-reikninganna er óútkljáð viðfangsefni stjórnvalda á Íslandi, í Bretlandi og Hollandi, auk Tryggingarsjóðsins á Íslandi.
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur lýst því yfir að hún muni halda áfram meðferð samningsbrotamáls gegn íslenska ríkinu og vísa málinu til EFTA-dómstólsins. Einnig gæti reynt á deiluna fyrir íslenskum dómstólum.

Helstu óvissuþættir:

- Hvaða ákvarðanir stjórnvöld á Íslandi, í Bretlandi og Hollandi taka um framhald málsins, hver af sinni hálfu.
- Ísland kann að verða dæmt fyrir brot á EES-samningnum.
- Niðurstaða skaðabótamála sem bresk og hollensk stjórnvöld kunna að höfða fyrir íslenskum dómstólum.
- Endanleg niðurstaða dómstóla um gildi svonefndra neyðarlaga nr. 125/2008 og þar með hvort innstæðukröfur gangi frammar öðrum kröfum í bú Landsbanka Íslands hf.
- Bresk og hollensk stjórnvöld kunna að krefjast þess að íslenska ríkið ábyrgist allar innstæður en ekki eingöngu lágmarkstrygginguna.
- Hvaða greiðslur fást úr slitameðferð Landsbanka Íslands hf. og hvenær þær berast.
- Bresk og hollensk stjórnvöld kunna að beita íslensk stjórnvöld pólitískum eða efnahagslegum þrýstingi á alþjóðavettvangi.

Atkvæðagreiðslan

Um kosningarétt og kjörskrá fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

Þó skulu kjörskrár miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Mörk kjördæma eru þau sömu og í næstliðnum alþingiskosningum. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin.

Á kjörseðli er spurt hvort lögin eigi að halda gildi eða falla úr gildi.

Meirihluti gildra atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður líkt og í kosningum til Alþingis.

Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar gilda lög nr. 91/2010. Nánari upplýsingar er að finna á kosning.is.

KJÖRSEÐILL

Lög nr. 13/2011 kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Lögin voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar.

Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?

Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.

☐

Já, þau eiga að halda gildi.

☐

Nei, þau eiga að falla úr gildi.



thjodaratkvaedi.is

Upplýsingavefur vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 9. apríl 2011.

kosning.is

Kosningavefur innanríkisráðuneytisins.

althingi.is

Alþingisvefurinn.

